

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 9/2005

Efni:

Kæra lögmansstofunar f.h. Ríkisútvarpsins vegna afgreiðslu embættisins á hljómdiski sem ætluðu dagskrárefni. Embættið hafnaði því að afgreiða málið samkvæmt undanþágu í reglur nr. 479/1988, með hliðsjón af dreifibréfi Ríkistollstjóra frá 29.01.90.

Málavextir eru þeir að þann 12.05.05 barst umræddur hljómdiskur með pósti og var hann stílaður á Ríkisútvarpið, N, Efstaleiti 1, Reykjavík. Móttakandi fór þess á leit við starfsmenn embættisins að sendingin yrði afgreidd á svokölluðu E8 eyðublaði sem sýnishorn vegna dagskrárgerðar. Því var hafnað á grundvelli þess að um almenna verslunarvöru væri að ræða og ættu því ákvæði reglugerðar nr. 479/1988 ekki við í þessu tilfalli.

Í erindi lögmansstofunar er vísað til bréfs ríkistollstjóra frá 29.01.90 varðandi tollmeðferð dagskrárefnis samkvæmt reglur nr. 479/1988. Í þessu bréfi er skilgreint hvað sé átt við með tollfrjálsum sýnishornum efnis sem útvarps- og sjónvarpsstöðum er sent þeim að kostnaðarlausu. Eins er skilgreint hvers konar dagskrárefni falli undir ákvæði nefndrar reglugerðar. Þar kemur fram að skilyrði fyrir slíkri tollafgreiðslu sé - *“að viðkomandi efni sé sent samkvæmt samningi þar sem gert sé ráð fyrir afhendingu efnis til lengri tíma og/eða reikningsfærslu síðar vegna hvernar einstakrar sendingar eða sendinga á ákveðnu tímabili.”*

Þá kemur fram á öðrum stað í bréfinu að undanþágur samkvæmt bréfinu gildi ekki um almenna verslunarvöru.

Umrædd vara er samkvæmt reikningi er embættið hefur undir höndum (nr. rxua50207) keypt gegnum netið frá **amazon.co.uk**. og greitt fyrir með kreditkorti (Mastercard). Því er ekkert sem bendir til annars í máli þessu að hér sé um að ræða kaup á vöru sem ekki nýtur tollfríðinda.

Úrskurður:

Synjað er tollafgreiðslu samkvæmt reglur nr. 479/1988 af hljómdiski þessum og hann skal tollafgreiddur sem almenn verslunarvara.

Úrskurð þennan er heimilt að kæra til fjármálaráðneytisins, Arnarhvíli, 150 Reykjavík, sbr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987. Kærufrestur er 60 dagar frá póstlagningardegi þessa bréfs. Kæra skal vera skrifleg, rökstudd og öll nauðsynleg gögn fylgi.

Reykjavík 10. júlí 2005